

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Lækjartún I-II.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. febrúar 2001 samþykkt deiliskipulag frístunda- og íbúðarbyggðar að Lækjartúni I-II, Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til íbúðarbyggðar á 5 lóðum og frístundabyggðar á 4 lóðum. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

Sauðholt I.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. júlí 2004 samþykkt deiliskipulag íbúðar- og frístundabyggðar að Sauðholti I, Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til lóðar fyrir íbúðarhús og útihús, auk 2 lóða fyrir frístundabyggð. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

Hárlaugsstaðir II.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ásahrepps þann 17. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar að Hárlaugsstöðum II, Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar á 6 lóðum. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ásahrepps, 8. febrúar 2005.

Gísli Gíslason.